



**PMTO grunnmenntun** fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum. Markmiðið er að styrkja kennara í starfi og til að taka á erfiðri hegðun og samskiptum innan hópa.

**Klókir krakkar** er meðferðarnámskeið fyrir foreldra og börn með kvíða. Þar er unnið með börn á aldrinum 10-12 ára og hefur verið kennt í Reykjanesbæ á haustönn. Þátttakendur eru frá báðum sveitarfélögum. Kennt er í 8 skipti á 10 vikum.

**PMTO foreldranámskeið** eru tvenns konar. Styttri námskeiðin eru 7-8 skipti og lengri í 12-14 skipti. Þar fá foreldrar nauðsynleg verkfæri til að takast á við fjölbreyttar aðstæður í uppeldinu, samstillta aðferðir og auka öryggi þeirra.

**Færni til framtíðar** er fyrirbyggjandi námskeið ætlað foreldrum ungra barna og er fjögur skipti.

**Klókir litlir krakkar** er foreldranámskeið fyrir foreldra sem eiga varkár börn eða börn með einkenni kvíða á aldrinum 4-8 ára. Þar læra foreldrar aðferðir til að takast á við aðstæður og koma í veg fyrir frekari þróun á kvíða hjá börnunum.

**Uppeldi barna með ADHD** er 6 skipti á 8 vikum og ætlað til að gera foreldra enn færari í að skilja og takast á við einkenni ADHD heima fyrir.

**Snillingarnir** eru námskeið fyrir börn með ADHD. Það er 10 skipti á 5 vikum þar sem þau eru þjálfuð í að vinna með veikleika sína, læra leiðir til að takast á við dagleg samskipti og ýmsar aðstæður.